



Kynning á niðurstöðum 2. ársfjórðungs 2021/22

Finnur Oddsson, forstjóri

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

20. október 2021

Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur

Fjórðungur í hnotskurn: Lykiltölur

2F 2021/22 (breyting frá 2F 2020/21)

34,9 ma.kr.

vörusala

▲ 12,8%

3,3 ma.kr.

EBITDA

▲ 8,1%

1,7 ma.kr.

hagnaður

▲ 29,4%

21,2%

framlegðarhlutfall

▼ 2,3%stig

12,9%

launa- og kostnaðarhlutfall

▼ 1,1%stig

40,7%

eiginfjárhlutfall

▼ 0,1%stig

Sterkur rekstur með aukinni veltu

- **Góður ársfjórðungur** að baki með **aukinni veltu** en framlegðarhlutfall heldur undir áætlunum
- **Áhrif COVID-19 faraldursins fara minnkandi** á rekstur samstæðunnar nú þegar landsmenn eru farnir að ferðast á ný og fleiri ferðamenn koma til landsins
- **Uppgjör vegna sölu eigna Útilífs er lokið** og var félagið afhent í lok 2F - söluhagnaður sem fram kemur í rekstrarreikningi 2F er um 273 millj. kr.
- **Fyrirvörum vegna kaupa Haga á Djús ehf. aflétt** og fjárhagsleg áhrif af rekstri félagsins koma fram, í formi hlutdeildartekna, frá og með 2. júlí 2021
- Í samræmi við samþykkt aðalfundar var **gengið frá samningum um kauprétti við lykilstarfsmenn félagsins** - alls voru veittir 11,8 millj. hlutir eða um 1,0% hlutfjár í félaginu
- Í júní skrifuðu Hagar og Olís undir **samkomulag við Reykjavíkurborg vegna fækkunar eldsneytisstöðva**, sem og framtíðaruppbyggingu Haga á lóðum í Mjóddinni
- **Tveir nýir framkvæmdastjórar** hófu störf í september, Jóhanna Jónsdóttir hjá Banönum og Frosti Ólafsson hjá Olís

BONUS

HAGKAUP

olís

AÐFÖNG

Bananar

mjöll frigg

ZARA

ÚTILÍF



Verðslanir og vöruhús: Umsvif og afkoma aukist á milli ára

Rekstrarreikningur 2F 2021/22 (ma. kr.)

- Tekjur af dagvöru, sérvöru og vöruhúsum **jukust um 13% á milli ára og námu 24,6 ma.kr** - EBITDA var 2,5 ma. kr. (10,1%)
- **Umsvif í verðslun** með dagvöru **aukast áfram** umfram áætlun
- **Heimsóknnum viðskiptavina hefur fjölgað** lítillega og **meðalkarfa stækkað**
- Meiri velta í **Aðföngum og Banönum** í takti við aukningu í verðslunum - sala Banana til **3ja aðila hefur vaxið** töluvert eftir því sem áhrif COVID-19 fjara út
- Áfram **vöxtur í veltu og bætt afkoma** hjá **ZARA**, en velta Zara og Útilífs er sem fyrr lítil hluti af heildarveltu Haga - Útilíf afhent í lok 2F

	2F '21/22	2F '20/21	Δ	%Δ
Tekjur	24.6	21.9	+2.7	+13%
Rekstrargjöld	-22.1	-19.7	-2.4	+12%
EBITDA	2.5	2.2	+0.3	+16%
<i>EBITDA-hlutfall</i>	10.1%	9.8%	+0.3%	+3%
EBIT	1.8	1.4	+0.5	+34%
<i>EBIT-hlutfall</i>	7.4%	6.2%	+1.2%	+19%

BONUS

HAGKAUP

AÐFÖNG

Bananar


ZARA

mjöll frigg

ÚTILÍF

Bónus: Stöðugur rekstur og traust viðskiptavina

- **Vörusala á 2F nam tæplega 16 ma.kr.** sem er umfram áætlanir og fyrra ár
- **Framlegð styrktist á fjórðungnum** en er heldur undir markmiðum til lengri tíma - **kostnaðarverðshækkningar** að undanförunu og frekari hækkningar líklegar
- **Hörð verðsamkeppni** á markaði - **Bónus oftast með lægsta verð** skv. síðustu könnun ASÍ, og því sem fyrr hagkvæmasta innkaupakarfan
- **Ný verslun opnuð á Norðurtorgi** á Akureyri á næsta ári - verslun að **Korputorgi lokað** í ágúst sl.
- **Áhersla á sjálfbærni og umhverfismál skilar áfram árangri**, m.a. í bættri flokkun
- Áhersla á að **draga úr matarsóun** með hagkvæmum **innkaupum** og háþróaðri veltuhraða birgða
- Sérstök **áhersla á sölu á innlendra framleiðslu** - gott samstarf við íslenska framleiðendur í grænmeti og kjöti



Hagkaup: Fleiri viðskiptavinir og aukin velta

- **Vörusala á 2F nam 5,3 ma.kr.**, sem er umfram væntingar og síðasta ár - framlegðarhlutfall samkvæmt áætlun, og **afkoma góð** og umfram væntingar
- Aukin áhersla á **lausnir sem auðvelda matargerðina**, t.d. tilbúna rétti, fjölbreytt úrval af grænkeraréttum, sushi, meðlæti og aðra skyndirétti
- Virkt **samstarf með frumkvöðlum í matvælaiðnaði**, t.d. Ketó Kompaní, Junkyard vegan réttir og sala á fyrstu hvítlauksuppskeru á Íslandi
- Áfram **mikil sala í snyrtivörum og leikföngum**
- **Fjárfesting í innviðum verslana**, m.a. á Akureyri og Eiðistorgi - fyrirhugaðar breytingar í Skeifu og Spöng
- Breyttum verslunum og **nýjum áherslum vel tekið af viðskiptavinum** - fleiri heimsækja Hagkaup en áður
- Jólaundirbúningur í fullum gangi ...**best að tryggja sér hamborgarhrygg Hagkaups** sem fyrst!

HAGKAUP



Olís: Veltuaukning og afrakstur hagræðinga



Rekstrarreikningur 2F 2021/22 (ma. kr.)


- **Vörusala á 2F nam 11,7 ma. kr.** og jókst um 28% á milli ára - **EBITDA nam tæpum 0,8 ma. kr.** (6,6%) og lækkar aðeins frá fyrra ári
- **Framlegðarhlutfall lækkar töluvert** frá fyrra ári en er **nær því sem var fyrir COVID** – hlutfallið á sama tíma í fyrra var óvenjulega hátt
- **Aukning í seldum eldsneytislítrum á milli ára,** og sérstaklega mikil aukning í **umsvifum hjá stórnotendum**
- **Hagræðingaraðgerðir að skila sjáanlegum árangri** á fjórðungnum rétt eins og á 1F, og þá einkum þegar horft er til **launakostnaðar**
- Undirbúningsvinna í gangi vegna **uppfærslu á þjónustustöðvum**
- **Nýr framkvæmdastjóri,** Frosti Ólafsson, hóf störf hjá félaginu í september

	2F '21/22	2F '20/21	Δ	%Δ
Tekjur	11.7	9.2	+2.5	+28%
Rekstrargjöld	-11.0	-8.4	-2.6	+31%
EBITDA	0.8	0.9	-0.1	-11%
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>6.6%</i>	<i>9.4%</i>	<i>-2.9%</i>	<i>-30%</i>
EBIT	0.6	0.7	-0.0	-7%
<i>EBIT-hlutfall</i>	<i>5.5%</i>	<i>7.5%</i>	<i>-2.0%</i>	<i>-27%</i>



Fréttir af starfsemi: Uppbygging og rekstur fasteignapróunarfélags

- Margvísleg **tækifæri til frekari verðmætasköpunar** í eignasafni Haga, sem er **best gert með aðila sem býr að sérhæfðri reynslu og þekkingu** á sviði skipulagsmála og fasteignapróunar
- Viljayfirlýsing undirrituð um **uppbyggingu og rekstur öflugs fasteignapróunarfélags** ásamt Klasa og Reginn
- Samkvæmt viljayfirlýsingu er áætlað að **eignarhlutur** hvers eiganda um sig **verði um 1/3 af útgefnu hlutfé**
- Hagar **greiða fyrir hlutinn með þróunareignum**, og þ.m.t. þróunarreit í Mjódd (Álfabakki 7, Stekkjarbakki 4-6), og með reit við Sundahöfn (Klettagarðar 27)
- **Áætluð verðmæti** undirliggjandi fjárfestingareigna í nýju félagi eftir fyrirhuguð viðskipti verða um **15 ma.kr.**, þar sem eiginfjárhlutfall verður í kringum 70%
- Fyrirhuguð viðskipti eru gerð m.a. með **fyrirvörum** um niðurstöður áreiðanleikakönnunar og um **samþykki Samkeppniseftirlitsins**



Fréttir af starfsemi: Aukin áhersla á stafræna vegferð hjá Högum

- **Þarfir viðskiptavina Haga eru sífellt að þróast og breytast**, og eitt af því sem viðskiptavinir hafa verið að kalla eftir í auknum mæli er **aðgangur að vörum og þjónustu Haga á hagkvæmari, þægilegri og skemmtilegri máta**
- Vinna við **uppbyggingu netverslunar Haga og dótturfélaga er nú komin af stað** og miðar vel, en þar er horft til **uppbyggingar yfir lengri tíma**
- Samhliða þessu verður **lagður grunnur að frekari nýtingu á upplýsingatækni** við **ákvörðunartöku**, og til þess að bæta **þjónustu við viðskiptavinum**
- Stafræn vegferð Haga snýst því **ekki einungis um að bjóða valdar vörur í netverslun**, heldur að **betrumbæta það hvernig unnið er innan samstæðu og dótturfélaga**, og hvernig Hagar eiga **samskipti við viðskiptavinum**



Fréttir af starfsemi: Fyrstu vörur tengdar Uppsprettunni á markað

- Hagar stofnuðu **nýsköpunarsjóðinn Uppsprettuna** fyrr á árinu, en sjóðurinn er ætlaður **til stuðnings við frumkvöðla til þróunar og nýsköpunar í íslenskri matvælaframleiðslu**
- Fyrsta formlega **úthlutun átti sér stað í júlí þegar 8 frumkvöðlafyrirtæki hlutu styrk** að verðmæti samtals 11 milljóna króna
- Fyrstu **vörur frá frumkvöðlunum eru komnar í verslanir Haga** og má þar m.a. nefna **íslenskan hvítlauk**, sem landsmenn keyptu allan upp á einungis 2 dögum, og **sápur** sem m.a. eru unnar úr ávöxtum sem ekki eru í söluhæfu ástandi
- Von er á **frekari vörum á næstu vikum og mánuðum**, og það verður spennandi að sjá allar þessar góðu hugmyndir verða að veruleika hver á fætur annarri



Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur

Framlegðarhlutfall lækkar nokkuð milli ára en afkoma góð

Rekstrarreikningur 2F 2021/22 (ma. kr.)

- **Vörusala jókst** um 12,8% á milli ára eða um 4,0 ma. kr.
- **Framlegð jókst** um 1,6% en **framlegðarhlutfall** lækkaði úr 23,5% í 21,2%
- **Hagnaður af sölu eigna Útilífs** var bókfærður í lok 2F og nam hann 273 m.kr.
- **Laun og rekstrarkostnaður hækka** en kostnaðarhlutföll batna á tímabilinu
- **EBITDA afkoma** hækkaði um 8,1% frá fyrra ári
- **Mikill viðsnúningur á heildarhagnaði** sem hækkaði um 29,4% milli ára

	2F '21/22	2F '20/21	Δ	%Δ
Vörusala	34,9	30,9	4,0	+13%
Framlegð	7,4	7,3	0,1	+2%
Aðrar rekstrartekjur	0,4	0,1	0,3	+364%
Laun og launatengd gjöld	-3,2	-3,1	-0,1	+4%
Annar rekstrarkostnaður	-1,3	-1,3	-0,1	+5%
EBITDA	3,3	3,0	0,2	+8%
Afskriftir	-0,9	-1,1	0,2	-16%
Hrein fjármagnsgjöld	-0,3	-0,4	0,1	-19%
Hagnaður	1,7	1,3	0,4	+29%

Góð veltuaukning og afkomubati mikill milli ára

Rekstrarreikningur 6M 2021/22 (ma. kr.)

- **Vörusala jókst** um 13,1% á milli ára eða um 7,8 ma. kr.
- **Framlegð jókst** um 8,7% en **framlegðarhlutfall** lækkaði milli ára um 0,9%-stig
- **Hagnaður af sölu Reykjavíkur Apóteks og hagnaður af sölu eigna Útilífs** bókfært á tímabilinu
- **Launakostnaður hækkar aðeins um 1,5%**, þrátt fyrir um 6% hækkun launa vegna kjarasamninga - **einskiptisliðir** 108,9 m.kr. á tímabilinu í samanburði við 86,4 m.kr. á fyrra ári
- **Mikill afkomubati milli ára**, m.a. vegna erfiðleika á 1F á fyrra ári sökum **COVID-19** faraldursins

	6M '21/22	6M '20/21	Δ	%Δ
Vörusala	66,9	59,2	7,8	+13%
Framlegð	14,2	13,1	+1,1	+9%
Aðrar rekstrartekjur	0,6	0,2	0,4	+216%
Laun og launatengd gjöld	-6,4	-6,3	-0,1	+1%
Annar rekstrarkostnaður	-2,8	-2,6	-0,2	+8%
EBITDA	5,5	4,3	+1,2	+28%
Afskriftir	-1,9	-2,1	0,2	-9%
Hrein fjármagnsgjöld	-0,7	-0,9	0,1	-14%
Hagnaður	2,4	1,2	+1,2	+99%


Kostnaðar- og afkomuhlutföll batna í samanburði við fyrri tímabil

Lykilmælikvarðar rekstrar (6M 2017/18 – 6M 2021/22)


- **Góð veltuaukning í samanburði við síðustu ár** en Olís verður hluti af samstæðunni í desember 2018
- **Framlegðarhlutfall** hefur farið **lækkandi** undanfarin ár, m.a. vegna lægri álagningar og breyttrar samsetningar félagsins
- Þrátt fyrir hækkandi rekstrarkostnað þá hafa **launa- og kostnaðarhlutföll** batnað undanfarin misseri
- Innleiðing **IFRS16 leigustaðals** skýrir breytingu á kostnaðarhlutfalli 2019/20
- **EBITDA-hlutfall** í lok tímabils var 8,3% samanborið við 7,3% á fyrra ári
- **Hagnaðarhlutfall** var 3,6% samanborið við 2,1% á fyrra ári

Velta og framlegð

Velta (ma. kr.)




Framlegð (%)




Rekstrar-kostnaður

Launahlutfall (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Afkoma

EBITDA hlutfall (%)



Hagnaðarhlutfall (%)



Handbært fé hækkar á fyrri árshelmingi

Sjóðstreymisyfirlit 6M 2021/22 (ma. kr.)

- **Handbært fé frá rekstri** í lok tímabils nam 4,6 ma. kr. og hækkaði í samanburði við fyrra ár um 954 m.kr.
- **Fjárfestingarhreyfingar** tímabilsins námu 854 m.kr. **Fjárfesting í áhöldum og innréttum** nam einnig 854 m.kr.
- **Stærstu fjárfestingar tímabilsins** voru endurnýjun verslana Bónus og Hagkaups, breyting á vöruhúsi í Skútuvogi og í vélakaupum
- **Fjármögnunarhreyfingar** námu 3,1 ma. kr. á tímabilinu en þar af var arðgreiðsla 1,5 ma. kr. greidd í júní sl.
- **Handbært fé hækkaði** um 563 m.kr. á árshelmingnum og nam 951 m.kr. í lok tímabils

	6M 2021/22	6M 2020/21	Breyting
Hagnaður tímabilsins	2,4	1,2	1,2
Rekstrarliðir án áhrifa á fjárstreymi	3,0	3,1	-0,1
Veltufé frá rekstri	5,4	4,3	1,1
Rekstrartengdar eignir	-2,0	-0,5	-1,5
Rekstrartengdar skuldir	2,0	0,7	1,3
Greiddir vextir og skattar	-0,9	-1,0	0,1
Handbært fé frá rekstri	4,6	3,6	1,0
Fjárfestingarhreyfingar	-0,9	-2,1	1,3
Fjármögnunarhreyfingar	-3,1	-2,8	-0,3
Breyting á handbæru fé	0,6	-1,3	1,9
Handbært fé í lok tímabils	1,0	0,9	0,1

Fjárhagsleg staða Haga er sterk

Efnahagsreikningur 31. ágúst 2021 (ma. kr.)

- **Fastafjármunir hækkuðu** um 339 m.kr. frá árslokum, m.a. vegna hækkunar á leigueignum og keyptum hlut í Djús ehf.
- **Birgðir í lok tímabils** voru 9,8 ma.kr. og **veltuhraði birgða** 11,0 - birgðir í lok 2F á fyrra ári námu 8,4 ma. kr. og veltuhraði 11,1
- **Viðskiptakröfur hækkuðu** um 774 m.kr. frá árslokum - **innheimtutími krafna** er 11,4 dagar samanborið við 11,1 dag á sama tímabili á fyrra ári
- **Óverðtryggður skuldabréfaflokkur** HAGA181021 að fjárhæð 2,5 ma. kr. **endurfjármagnaður** með útgáfu á nýjum óverðtryggðum flokki til 3ja ára, HAGA181024

	31. 8. 2021	28. 2. 2021	%Δ
Rekstrarfjármunir	23,0	23,4	-2%
Óefnislegar eignir	10,6	10,5	+1%
Aðrir fastafjármunir	14,5	13,8	+5%
Fastafjármunir	48,2	47,8	+1%
Vörubirgðir	9,8	8,8	+12%
Viðskiptakröfur	5,4	4,7	+17%
Handbært fé	1,0	0,4	+145%
Veltufjármunir	16,2	13,8	+17%
Samtals eignir	64,4	61,6	+4%
Skuldir og eigið fé	64,4	61,6	+4%

	31. 8. 2021	28. 2. 2021	%Δ
Vaxtaberandi	9,3	9,4	-1%
Leiguskuldir	7,4	7,0	+5%
Tekjuskattur	2,7	2,2	+21%
Langtímaskuldir	19,4	18,6	+4%
Vaxtaberandi	3,0	3,6	-17%
Viðskiptaskuldir	13,2	11,8	+11%
Annað	2,7	2,5	+8%
Skammtímaskuldir	18,8	17,9	+5%
Samtals skuldir	38,2	36,5	+5%
Eigið fé	26,2	25,2	+4%

Arðsemi eigin fjár hækkar milli tímabila

Lykilmælikvarðar efnahags (6M 2017/18 – 6M 2021/22)


- **Arðsemi eigin fjár 14,7%** síðastliðna 12 mánuði
- **Eiginfjárhlutfall** í lok 2F nam 40,7% samanborið við 40,8% í lok 2F fyrra árs
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok 2F, að meðtöldum leiguskuldam, voru 21,6 ma. kr. eða 2,1 x EBITDA
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok 2F, án leiguskulda, voru 1,1 x EBITDA
- **Veltufjárhlutfall** í lok 2F var 0,86 - félagið hefur aðgang að 6,2 ma. kr. lánalínum í ISK og USD
- **Veltuhraði í rekstri** var 13,2 dagar samanborið við 10,9 daga á fyrra ári
- **Veltuhraði eigna** 2,0 í lok 2F til samanburðar við 1,9 í lok 2F á fyrra ári

Ávöxtun hluthafa


Áhætta í rekstri

Skilvirkni eigna


Arðsemi eigin fjár (%)




Eiginfjárhlutfall (%)




Skuldahlutfall¹




Veltufjárhlutfall²



Veltuhraði í rekstri (dagafjöldi)³



Veltuhraði eigna⁴



1) Nettó vaxtaberandi skuldir (með leiguskuldam) / EBITDA 2) Veltufjármunir / skammtímaskuldir

3) Veltuhraði í rekstri = dagafjöldi birgða + dagafjöldi viðskiptakrafna - dagafjöldi viðskiptaskulda 4) Vörusala / eignir

Yfirlit

Fréttir af starfsemi


Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur

Gengi og stærstu hluthafar

Gengi

Gengi 31.8.2021: 65,1 kr. / hlut




Stærstu hluthafar, eignarhlutur við lok 31.8.2021

1. Gildi - lífeyrissjóður	18,7%	6. Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	5,0%
2. Lífeyrissjóður verslunarmanna	12,0%	7. Samherji hf.	4,4%
3. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	8,9%	8. Festa - lífeyrissjóður	4,1%
4. Birta lífeyrissjóður	7,7%	9. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,9%
5. Stapi lífeyrissjóður	5,7%	10. Íslensk verðbréf - safnreikningur	2,6%

Staða og horfur



- Nýlega **uppfærð afkomuspá stjórnenda** fyrir árið gerir ráð fyrir að **EBITDA** verði á bilinu **9,3 til 9,8 ma. kr.**
- Heldur hefur **dregið úr neikvæðum áhrifum vegna COVID-19**, og gert er ráð fyrir að **eftirspurn á eldsneytismarkaði haldi áfram að aukast** með auknum umsvifum og ferðamannastraumi
- Líklegt að landsmenn fari í **auknum mæli utan í vetur** sem mun hafa einhver **áhrif á dagvöruveltu**, en **eftirspurn þó talin verða nokkuð stöðug**
- **Verðhækkanir framundan** á hrá- og neytendavöru **á heimsvísu** vegna hnökra á aðfangakeðju og aukinni eftirspurn í heimshagkerfinu
- **Félagið fjárhagslega sterkt** og vel í stakk búið að **fylgja eftir nýjum stefnumótandi áherslum** og takast á við ögrandi aðstæður í íslensku efnahagslífi
- Stjórn Haga hefur samþykkt **endurkaupaáætlun** að fjárhæð **500 millj. kr.**





Fyrirvari

Af hálfu Haga skal vakin athygli á því að staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari byggja eftir atvikum á áætlunum og mati stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem unnt er að sannreyna við birtingu kynningarinnar eða umfjöllun af hálfu félagsins um hana. Af þeim sökum fela umræddar staðhæfingar og upplýsingar í sér óvissu.

Þá skal athygli fjárfesta vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma félagsins verði með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð, uppfærð eða breytt að þessu leyti af hálfu félagsins eftir birtingu hennar.

Staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

hagar

The logo for 'hagar' features the word in a bold, lowercase, sans-serif font. It is enclosed within a stylized, horizontal oval shape composed of two curved lines. The top-left and bottom-left portions of these lines are grey, while the top-right and bottom-right portions are orange. The lines are slightly offset from each other, creating a sense of motion or a dynamic frame around the text.